

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 181/2018

2021/EES/15/09

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/622 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja ekki klórófen sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 3 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzh (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2334) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzi. **32018 D 0622**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/622 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja ekki klórófen sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 3 (Stjtið. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 80).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/622, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 80.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.